

Umsagnir og svör vegna matsskyldufyrirspurnar vegna efnistöku við Langöldu.

| Nr. | Athugasemd | Svar framkvæmdaraðila |
|----------|---|--|
| 1 | Rangárþing ytra, dags 13.9.24 | |
| 1.1 | „Umsögn Rangárþings ytra felur í sér afgreiðslur Skipulags- og umferðarnefndar ásamt staðfestingum sveitarstjórnar þar sem fjallað var um áherslur í skipulagsmálum tengdum nauðsynlegum breytingum á landnotkun í aðalskipulagi. Að auki fjallaði nefndin um áherslur varðandi mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Niðurstaða nefndarinnar er að enduopnun efnistökusvæðis við Langöldu sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 111/2021. Því skuli framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.“ | Ekki þörf á svari framkvæmdaraðila. |
| 2 | Náttúrufræðistofnun Íslands, dags 18.9.24 | |
| 2.1 | „Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér fyrirspurnina og kemur með eftirfarandi ábendingar. Fyrirhugað efnistökusvæði er innan svæðis sem fellur undir hverfisvernd (HV13) samkvæmt aðalskipulagi en er utan annarra verndarsvæða og þar eru hvorki vistkerfi né jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar. Núverandi vegslóð að námunni fer hins vegar yfir sandorpið nútímahraun, Búrfellshraun, sem er um 3200 ára gamalt og nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013). Líklegt er að umhverfisáhrif verði aðalega á jarðminjar og ásýnd, og að þau verði mest á framkvæmdatíma.“ | Eins og kemur fram í matsskyldufyrirspurn verður núverandi vegaslóð að námunni notuð og ekki verður farið í aðra vegagerð. Framkvæmdaraðili telur því áhrif á jarðminjar verði óveruleg. |
| 2.2 | „Náttúrufræðistofnun telur að nægjanlega vel sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi og umhverfisáhrifum og að ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.“ | Ekki þörf á svari framkvæmdaraðila. |
| 3 | Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, dags. 19.9.24 | |

| | | |
|-----|--|-------------------------------------|
| 3.1 | <p>„</p> <p>Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum, en ekki er gert ráð fyrir sérstakri vöktun umhverfisáhrifa á framkvæmdatíma. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.</p> <p>Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir vinnslu jarðefna starfsleyfi, sbr. tölul. 112 í viðauka IV með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.</p> <p>“</p> | Ekki þörf á svari framkvæmdaraðila. |
|-----|--|-------------------------------------|